



HÁSKÓLI ÍSLANDS
SIÐFRÆÐISTOFNUN

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, fimmtudaginn 13. okt. 2022, kl. 11:00 (fjarfundur). Mætt voru: Vilhjálmur Árnason (VÁ), Sólveig Anna Bóasdóttir (SAB), Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir (KPP), Elínborg Sturludóttir (ES) og Henry Alexander Henrysson (HAH). Páll Rafnar Þorsteinsson (PRP) sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar

Fundargerð samþykkt.

2. Helstu atriði/verkefni frá síðasta fundi

VÁ sagði frá helstu viðburðum á vegum stofnunarinnar frá áramótum:

- a. Ársfundur stofnunarinnar 14. janúar 2022. Meginefni: bólusetningar vegna Covid 19
- b. Hádegisfundur um slaufunarmenningu 28. febrúar
- c. Málstofa um Covid-19 á Hugvísindapíngi 11. mars
- d. Minningarfyrirlestur Páls Skúlasonar í Hátíðasal H.Í. 7. apríl
- e. Málþing um réttinn til að deyja, haldið í Öskju 12. maí
- f. Vinnustofa um Bioethics and Political Philosophy í Skálholti 1.–4. júní
- g. (Doktorsvörn Ástríðar Stefánsdóttur í hagnýtri siðfræði 29. júní)
- h. Fyrirlestur Maeve Cook um loftlagsmál í Veröld 30. september

3. Verkefni framundan

- a. Málþing um fagmennsku í Lögbergi 4. Nóvember. Drög að dagskrá kynnt.
VÁ sagði frá fyrirhuguðu málþingi um fagmennsku og kynnti drög að dagskrá.
- b. Ársfundur í janúar: tímasetning og ákvörðun um efni
Umræðu frestað til næsta fundar.
- c. Stjórnarfundur í nóvember.
Ákveðið var að stefna að því að halda stjórnarfund í 3. viku nóvembermánaðar.

4. Um stöðu stofnunarinnar

- a. Áframhaldandi samstarf við Forsætisráðuneytið.
VÁ gerði grein fyrir stöðu samstarfs við ráðuneytið. Ólíklegt að samningur við ráðuneyti verði framlengdur en samstarf líklegt um



HÁSKÓLI ÍSLANDS
SIÐFRÆÐISTOFNUN

afmörkuð verkefni. Fundað verður með ráðuneyti á næstu vikum. Efnið verður rætt nánar á stjórnarfundum í nóvember.

- b. Fundir stjórnarformanns með rektor 7. september og 7. október.
Umræðuefni: staða siðamála við HÍ í kjölfar þess að siðnefndin sagði af sér s.l. vor. Hugmyndir um breytt fyrirkomulag siðamála, sbr. minnisblað V.Á. á fundi með rektor 7. október.

VÁ sagði frá samtölum við rektor og deildi með stjórn minnisblaði sem rektor var afhent á fundi 7. okt. Tílefni fundar var afsögn siðnefndar HÍ og vilji til að setja siðamál HÍ í uppbyggilegan farveg. Þar voru reifaðar hugmyndir um A) að styrkja umgjörð um siðnefnd með aukinni samvinnu á háskólastiginu og B) að styrkja starfsgrundvöll og efla starfsemi Siðfræðistofnunar með aukinni samvinnu við aðra háskóla. Nokkrar umræður urðu um málið og voru undirtektir góðar. Fram komu sjónarmið m.a. um mikilvægi þess að tryggja stofnuninni starfsgrundvöll til framtíðar og tækifæri sem felast í nánara samstarfi íslenskra háskólastofnana. Þá var bent á að góð reynsla væri af samstarfi um Siðnefnd háskólanna um vísindarannsóknir. Einróma var samþykkt að veita stjórnarformanni umboð til þess að vinna málið áfram og greina frá framvindu á stjórnarfundum í nóvember.

*Fleira gerðist ekki.
Fundu slitið kl. 11:47*